

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Pálsson, greiði stefnanda, Skarphéðni Kristbergssyni, kr. 14.080.00 auk 6% vaxta p. a. frá 8. ágúst 1959 til 22. febrúar 1960, 9% vaxta p. a. frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% vaxta frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% vaxta p. a. frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% vaxta p. a. frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði stefndi stefnanda kr. 4.000.00 í málskostnað. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. júní 1967.

Nr. 30/1967. **Síldarverksmiðjur ríkisins**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. bæjarsjóðs og gagnsök

(Tómas Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Erlendur Björnsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1967. Hann krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur, að synjað verði um framkvæmd lögtaks og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. júní 1967, áfrýjað málinu með stefnu 17. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að framkvæmt verði lögtak í eignum aðaláfrýjanda til tryggingar gjaldföllum eftirstöðvum aukagjalds (tengigjalds) til Vatnsveitu Seyðisfjarðar, kr. 499.000.00,

ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1966 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Er á aðaláfrýjanda var lagt gjald það til Vatnsveitu Seyðisfjarðar, sem í málinu greinir, var jafnframt níu öðrum fyrirtækjum gert að greiða sams konar gjald til vatnsveitunnar, þar á meðal Ströndinni h/f. Fyrir Hæstarétti hefur það komið fram, að héraðsdómarinn er stjórnarformaður nefnds félags. Í máli þessu er deilt um lögmati gjaldsins almennt og álagningar þess. Að svo vöxnu bar héraðsdómara samkvæmt 7. tölulið 36. gr., sbr. 37. gr. laga nr. 85/1936 að víkja sjálfkrafa sæti í málinu. Þar af leiðir, að ómerkja verður hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnaður hér fyrir dómi þykir eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Seyðisfjarðar 30. janúar 1967.

Með bréfi, dags. 2. janúar 1967, krafði bæjarstjórinn á Seyðisfirði gerðarþola lögtaks þessa, Síldarverksmiðjur ríkisins á Seyðisfirði, um kr. 499.000.00, eftirstöðvar aukagjalds (tengigjalds), gjaldfallins 1966, sem hann taldi gerðarþola bera að greiða samkvæmt reglugerð nr. 169/1965 um Vatnsveitu Seyðisfjarðar og breytingu á þeirri reglugerð, staðfestri af félagsmálaráðuneytinu 28. des. 1966. Var skorað á gerðarþola að greiða upphæðina fyrir 10. janúar 1967. Gerðarþoli virðist ekki hafa sinnt þessu.

Með bréfi, dags. 13. janúar 1967, bað bæjarstjóri bæjarfógetann á Seyðisfirði að úrskurða, að lögtak mætti fram fara á áðurgreindum, gjaldföllum aukagjöldum, og kvað bæjarfógeti upp úrskurð um lögtak á gjöldum þessum almennt 14. janúar 1967. En úrskurður þessi hefur verið birtur gerðarþola sérstaklega. Lögtak hófst síðan hjá gerðarþola hér á bæjarfógetaskrifstofunni 27. þ. m. fyrir áðurnefndum eftirstöðvum, kr. 499.000.00, auk 7% ársvaxta frá gjalddaga til greiðsludags og kostnaði við lögtak þetta, þar á meðal málskostnaði gerðarbeiðanda samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Lögmaður gerðarbeiðanda hefur í framlögðum skjölum og við munnlegan flutning máls hér fyrir fúgetadómi gert þá grein fyrir umkröfðum eftirstöðvum aukagjalds til Vatnsveitu Seyðisfjarðar, kr. 499.000.00, að þar sé um að ræða 40% af gjaldi, sem lagt var upphaflega á gerðarpóla af bæjarstjórn 13. apríl 1966 samkvæmt heimild 11. greinar reglugerðar fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar nr. 169/1965, að upphæð kr. 6.000.000.00. En í þessari álagningarheimild var gjaldið nefnt tengigjald. Síðan hafi umrædd vatnsveitureglugerð verið endurskoðuð af bæjarstjórn og félagsmálaráðneytinu. Hafi sú endurskoðun farið fram í framhaldi af samkomulagi við gjaldendur 29. ágúst 1966 og vegna deilu um upphæð gjaldanna. Félagsmálaráðneytið hafi síðan staðfest breytingu á vatnsveitureglugerðinni, dags. 28. des. 1966, sem er nr. 281 í B-deild Stjórnartíðinda 1966, en útgáfudagur viðkomandi heftis Stjórnartíðinda 30. des. 1966. Í reglugerðarbreytingunni sé breytt um heiti á áður nefndu tengigjaldi, sem nefnist nú aukagjald, og sé 20% lægra en tengigjaldið hafi verið ákveðið áður, en lagt á eftir gjaldskrá, sem er í reglugerðarbreytingunni, en var engin varðandi tengigjald í reglugerð nr. 169/1965. Aukagjald (tengigjald), upphaflega lagt á gerðarpóla, kr. 6.000.000.00, hafi í samræmi við gjaldskrána í reglugerðarbreytingu nr. 281/1966 lækkað í kr. 4.800.000.00. Þar af séu 40% gjaldfallin 1966, þ. e. kr. 1.920.000.00, en af þeirri upphæð hafi gerðarpóli greitt 30. ágúst 1966 kr. 1.421.000.00. Mismunur kr. 499.000.00.

Lögmaður gerðarpóla hefur í greinargerð og munnlegum málflutningi sínum fyrir fúgetadómi krafizt þess, að neitað verði um framgang umbeðins lögtaks. Fyrst og fremst kveður hann gerðarpóla ekki skylt að greiða það gjald, sem krafizt er lögtaks fyrir, vegna þess að gerðarpóli er ríkisfyrirtæki og sé tæmandi upp-talningu á opinberum gjöldum, sem honum sé skylt að greiða, að finna í 14. gr. laga nr. 1/1938 um Síldarverksmiðjur ríkisins, þar sem hér umkrafíð gjald sé ekki talið. Þessu til stuðnings hefur hann einnig vitnað í Hrd. nr. 110/1959, þar sem Sementsverksmiðju ríkisins var talið óskylt að greiða bæjarsjóði Akraness byggingargjald. Þá telur lögmaðurinn álagningu umrædds aukagjalds ekki fá staðizt vegna þess, að með henni séu þverbrotnar almennar reglur um jafnrétti þegnanna í skattamálum, þar sem gjaldið sé aðeins lagt á 9—11 aðilja í Seyðisfjarðarkaupstað. Loks kveður hann gjald þetta vera mörg þúsund sinn-um hærra en sambærileg gjöld annars staðar. Álagning þess sé því sambærileg við eignarnám.

Verði ekki á framangreindar synjunarástæður lögtaks fallizt, krefst lögmaður gerðarþola þess, að umbeðið lögtak nái samt ekki fram að ganga, þar eð fyrirmæla reglugerðar um álagningu gjaldsins hafi ekki verið gætt og sé það ekki í gjalddaga fallið. Í því sambandi bendir hann á, að umrætt aukagjald hafi ekki verið lagt á, eftir að reglugerð nr. 281/1966 tók gildi 28. des. 1966 og því síður eftir 30. des. 1966, er reglugerðarbreyting þessi kom út í Stjórnartíðindum. Heimild reglugerðar til álagningar gjaldsins hafi því enn ekki verið notuð af bæjarstjórn Seyðisfjarðar.

Loks krefst lögmaður gerðarþola málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Verður nú vikið að því, hvort andmæli gerðarþola fái staðizt, lið fyrir lið.

Við úrlausn þess, hvort Síldarverksmiðjur ríkisins eigi að vera undanþegnar gjöldum til vatnsveitna að einhverju eða öllu leyti samkvæmt ákvæði 14. greinar laga nr. 1/1938, sem fjallar um gjöld, sem þeim ber að greiða til sveitarfélaga, ber að hafa í huga, að vatnsveitur eru ekki alltaf fyrirtæki sveitarfélaga og gjöld til þeirra þurfi ekki eðli málsins samkvæmt að vera sveitarsjóðsgjöld. Ef stofnað er vatnafélag um vatnsveitu samkvæmt heimild XI. kafla vatnalaga, verður að telja, að skylda mætti ríkisfyrirtæki, þar með taldar Síldarverksmiðjur ríkisins, til þátttöku og væri þá Síldarverksmiðju ríkisins á því félagssvæði vafalaust skylt að greiða gjöld til vatnsveitunnar samkvæmt gjaldskrá. Ekki mun löggjafinn ætlast til þess, að önnur regla gildi, þar sem sveitarfélag annast rekstur vatnsveitu. Hrd. nr. 110/1959 fjallar um mál, sem ekki er sambærilegt við þetta, enda hefur 7. gr. laga nr. 35/1848, sem dómurinn byggist á, síðar verið gerbreytt með lögum nr. 39/1962. Ekki hafa verið færðar líkur að því, að Síldarverksmiðjur ríkisins hafi neins staðar komizt hjá að greiða gjöld til vatnsveitna. Þessa mótbáru gegn gjaldskyldu gerðarþola er því ekki hægt að taka til greina.

Ekki verður heldur fallizt á þá staðhæfingu lögmanns gerðarþola, að með álagningu umrædds aukagjalds séu þverbrotnar almennar reglur um jafnrétti þegnanna í skattamálum, þar sem gjaldið sé aðeins lagt á 9—11 aðilja í bænum. Í fyrsta lagi er vandséð, hve margir gjaldendur þess kunna að verða að lokum. Í öðru lagi virðist eðlilegt, að gjaldendur greiði mishá gjöld með hliðsjón af mismunandi vatnsnotkun, misdýrum vatnsveitulögnum o. fl. Virðist því ákvæði 3. málsgreinar 8. greinar laga nr.

93/1947, sem heimilar álagningu aukagjalds á fáeina notendur vatns, eiga fyllsta rétt á sér.

Ekki liggja fyrir sönnunargögn um þá staðhæfingu lögmanns gerðarpóla, að aukagjöld til vatnsveitunnar hér séu mörg þúsund sinnum hærri en sambærileg gjöld annars staðar og álagning þeirra sé því sambærileg við eignarnám. Hér verður því einkum að hafa í huga, að samkvæmt reglugerð nr. 281/1966 er aukagjald ákveðið með hliðsjón af kostnaði við nýjar vatnsveitulagnir til viðkomandi gjaldenda sjálfra. Samanburður við eignarnám á því ekki rétt á sér.

Við ákvörðun þess, hvort umrætt aukagjald skuli teljast fallið í gjalddaga, verður að hafa í huga, að reglugerð nr. 281/1966 er ekki sjálfstæð sem slík, heldur er hún breyting á vatnsveitureglugerð nr. 169/1965. Af orðalagi reglugerðar nr. 281/1966 má ráða, að aukagjald samkvæmt henni er hið sama og kallað var tengigjald upphaflega í reglugerð nr. 169/1965, þar sem segir, að greinarnar nr. 11—16 verði 10.—15. grein. Að þessu athuguðu verður að telja, að aukagjaldið hafi verið á lagt og gjalddagi þess ákveðinn með samþykki bæjarstjórnar 13. apríl 1966. Verða því síðari ákvarðanir bæjarstjórnar og félagsmálaráðuneytis að teljast breytingar á þeirri álagningu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða andmæli lögmanns gerðarpóla ekki tekin til greina, og ber að framkvæma umbeðið lögtak fyrir aukagjaldi, vöxtum og aðfarargjöldum í ríkissjóð.

Um málskostnað málsaðilja telur fógetinn rétt að hafa hliðsjón af því, að bæjarstjórnin hefði átt að geta aflað sér skýrari heimilda í upphafi til innheimtu gjaldsins, t. d. með lögtaksákvæði í upphaflegri reglugerð, með því að gefa gjaldi strax það heiti, sem bezt þótti henta, og með gjaldskrárákvæðum um gjalddaga. Birting reglugerðar nr. 281/1966 fór fram í Stjórnartíðindum, sem komu út 30. des. 1966, en sá dagur virðist talinn gjalddagi eftirstöðva ákveðins hluta aukagjaldsins. Var þetta til þess fallið að valda réttaróvissu. Að öllu þessu athuguðu þykir rétt að láta málskostnað aðilja falla niður.

Því úrskurðast:

Umbeðið lögtak á fram að fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður.